

ek ryðja kviðu, en þá dóma, en þá vígvöll fyrir veg-
öndum.“ Síðan kvað hann þetta:

16. Hoggorma mun hefjask
herði-Pundr á landi;
sjá munu menn á moldu
margar heila borgir;
nú vex blára brodda
beystisullr í fjöllum;
koma mun sumra seggja
sveita döggr á leggi.

Þá laust hann niðr stafnum, ok varð brestr mikill;¹ gekk hann þá inn í fjallit, en mér bauð ótta. Vil ek nú, at þú segir, hvat þú ætlar draum minn vera.“ „Þat er hugboð mitt,“ segir Ketill, „at þeir muni allir feigir, er kallaðir váru. Sýnisk mér þat ráð, at þenna draum segi vit engum at svá búnu.“ Flosi kvað svá vera skyldu.

Nú leið þar til vetrinn, er lokit var jólum. Flosi mælti til sinna manna: „Nú ætla ek, at vér skylim fara heiman; þykki mér sem vér munim varla setugrið eiga, ok skulu vér nú fara í liðsbón. Mun nú þat sannask, sem ek sagða yðr, at vér myndim mörögum fyrir kné ganga verða, áðr en lokit er þessum málum.“²

16. *vísa*. Hoggorma herði-Pundr (a) mun hefjask á landi; menn munu sjá margar heila borgir (b) á moldu; nú vex beystisullr blára brodda (c) í fjöllum; koma mun sveita döggr (d) á leggi sumra seggja.

a) *hoggormr*: sverð; *herði-Pundr* (Óðinn) þess: hermaður. — b) *heila borg*: höfuðkúpa. — c) *sullr*: ‚sollur‘; læti, hávaði; *beysti-* af *beysta*: slá; *beystisullr blára brodda*: glymur af samkomu vopna. — d) *sveita* (blóðs) *döggr*: blóð.

Mikill hermaður (líkl. Kári) mun

rísa upp hér á landi; menn munu sjá marga afhöggna hausa á jörðinni; glymur af vopnaskiptum mun óma í fjöllum; blóð mun koma á leggi manna.

¹ *Þá*: *Síðan æpti hann svá mikit óp, at mér þótti allt skjálfa í nándir, ok K.*

² Um austurför Flosa, sem nú er næst sagt frá, hefur margt verið ritað, sjá Safn t. s. Ísl. II, 474–6 [Sig. Gunnarsson]; Árb. Fornl. 1893, 29–30 [Sig. Vigfússon]; E. Ó. S.: Um Nj. 349; Vikan 1939, 43. tbl. [A. J. Johnson]; 45. tbl. [Barði Guðmundsson]; 1940, 2. tbl. [A. J. J.]; Árb. Fornl. 1941–2,